

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. apríl 2005 2005040104

Mál 243, frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, umsögn


Með bréfi dags. 6. apríl 2005 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 243. mál.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð sem og gjald fyrir skráningu loftfars til atvinnuflugs. Ríkisskattstjóri telur ekki vera tilefni til þess að embættið tjái sig um það hversu há slík gjöld eiga að vera. Í greinargerð með frumvarpinu er efni þess hins vegar rökstutt með því að hár kostnaður við stofnun fyrirtækis sé hindrun við uppbyggingu atvinnulífs og komi niður á nýsköpun. Ætla megi að há gjöld hafi færst einhverja frá stofnun félaga, sem sé bagalegt þar sem hlutafélagaformið sé æskilegra í atvinnurekstri en rekstur í nafni manns.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri vekja athygli á því að á undanförunum árum hefur einkahlutafélögum fjölgað mjög og eru þau hér að tiltölu fleiri en í flestum öðrum löndum. Hefur sameignarfélögum og einkarekstri verið breytt í einkahlutafélög í stórum stíl en mikill fjöldi hinna nýju einkahlutafélaga sinnir ekki eiginlegum atvinnurekstri en hefur fyrst og fremst það hlutverk að vera skráður eigandi að eignum eiganda síns og eru þess mörg dæmi að sami einstaklingurinn eigi fleira en eitt hlutafélag og ekkert þeirra í virkri starfsemi. Í ljósi þessarar þróunar verður að draga í efa að skráningargjöld séu hindrun fyrir stofnun einkahlutafélga enda njóta þeir sem hafa raunverulega starfsemi í þessu félagsformi verulegs skattalegs hagræðis auk þess að félagsformið takmarkar ábyrgð þeirra. Þá má ætla að það hve skráning einkahlutafélaga er ódýr, einföld og fljótleg og hve krafa um framlagningu hlutafjár er lág, en hún er t.d. aðeins þriðjungur þess sem krafist er í Danmörku, hafi ýtt undir notkun einkahlutafélaga í annarlegum tilgangi svo sem til gerviverktöku, kennitöluflakks o. fl.

Ríkisskattstjóri getur því ekki fallist á þau rök sem fram eru færð fyrir breytingunni né mælt með því að stofnun einkahlutafélaga verði enn auðvelduð með þessum hætti nema jafnframt verði gerðar ráðstafanir til að draga úr misnotkun á þessu félagsformi.

Virðingarfyllt

Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri